

YFIRLÝSING

Akureyrarbær kt. 410169-6229, Geislagötu 9, 600 Akureyri (hér eftir nefndur landeigandi), þinglýstur eigandi 100% jarðanna Akureyrarland landnr. L217927, Mýrarlón landnr. L146955, Ytri Skjaldarvík landnr. L152505, (hér eftir sameiginlega nefndar jörðin), staðfestir hér með eftirfarandi:

Landsneti hf., kt. 580804-2410, er heimilt að leggja kvöð á hluta lands jarðarinnar, m.a. í samræmi við ákvæði reglugerðar um raforkuvirkni nr. 678/2009, sbr. og 13. gr. laga um öryggi raforkuvirkja o.fl., nr. 146/1996, vegna 66 kV háspennujarðstrengs, svokallaðrar Dalvíkurlínu 2, auk vegslóðar. Breidd helgunarsvæðis strengsins og vegslóðar er samtals 10 metrar. Strengleiðin er sýnd á meðfylgjandi yfirlitskorti, sem er eingöngu gert af Landsneti hf. til afmörkunar og skýringa á framkvæmdinni.

Helgunarsvæði strengsins skiptist í 3 m breitt öryggissvæði og 7 m breitt athafnasvæði. Þar innan verður lögð vegslóð. Um meðferð jarðstrengsins gilda þær kvaðir og höft sem leiða af lögum og reglum um háspennujarðstrengi. Mannvirkjagerð, skógrækt og allt verulegt rask er óheimilt á helgunarsvæði strengsins. Rask telst verulegt ef það veldur raski á meira dýpi en 30 cm frá ósnortnu yfirborði helgunarsvæðisins. Innan athafnasvæðis strengsins þarf allt jarðrask dýpra en 30 cm frá yfirborði að vera unnið í samráði við Landsnet áður en hafist er handa.

Landsnet hf. skal jafna allt jarðrask að loknum framkvæmdum og sá í gróðursár, þar sem það á við. Þar sem ekki reynist unnt að skila landi í sama ástandi og áður, skal haft samráð við landeiganda um lokafrágang. Verða jarðstrengurinn og nauðsynleg kvöð vegna hans óskoruð eign Landsnets hf. eða annars þess aðila sem fyrirtækið framselur rétt sinn til. Kvöð vegna jarðstrengs og vegslóðar er ótímabundin. Landsnet hf. gerir ekki athugasemdir við að innan hins kvaðasetta svæðis verði gerður hjóla-, göngu- og/eða reiðstígur á ábyrgð og í þágu sveitarfélagsins Hörgársveitar enda sé rekstraröryggi jarðstrengsins ekki ógnað. Allur rekstur og viðhalds slíks stígs er Landsneti hf. óviðkomandi. Landsnet hf. ákveður hvenær framkvæmdir við jarðstreng hefjast. Meðfylgjandi jarðstrengi, í sama lagnaskurði ef framkvæmd er á sama tíma, er Landsneti hf. heimilt að leggja ljósleiðara.

Landsnet hf. eða þeir, sem fyrirtækið felur slík störf, skulu hafa óhindraðan aðgang að helgunarsvæði jarðstrengsins, vegslóðinni og ljósleiðara í landi jarðarinnar og ótakmarkaðan umferðarrétt um vegslóðina, bæði að því er varðar framkvæmdir, svo og viðhald, eftirlit og endurnýjun síðar.

Yfirlýsingu þessari mun þinglýst sem kvöð á jörðina. Yfirlýsing þessi hvílir á því að Landsnet hf. hafi greitt bætur samkvæmt samningi sem aðilar hafa gert með sér fyrir öll fyrrgreind réttindi. Rísi mál sem tengist yfirlýsingu þessari skal það rekið fyrir Héraðsdómi Norðurlands eystra.

Akureyri 8. júlí 2024
Staður og dagsetning

F.h. Akureyrarbærar

Júlíus Þorsteinn Þorsteinsson.

Vottar að réttri dagsetningu, fjárræði og undirskrift,

F.h. Landsnets hf.

Frida María.

Olofa M. Elísa 280286-2229
nafn og kt.:

Smelín Sigurðardóttir 281274-6009
nafn og kt.: